

að kasta vörpu sinni og veiða með henni, heldur dró hana inn og hélt á skipi sínu úr landhelgi.

Samkvæmt ofangreindu verður að telja sannað, að kærði hafi gerzt sekur við 1. gr. laga 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög 4/1924, og með því að byrja að búa sig til veiðanna og láta nokkuð af botnvörpunni í sjó, séu veiðarfæri því upptæk í landhelgissjóð, en afli ekki, þar sem ekkert aflaðist, er hætt var við veiðitilraunina.

Með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag 31.90 er refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 30000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, öll veiðarfæri um borð í skipinu upptæk til sama sjóðs, en afli ekki.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ásgrímur Sigurðsson skipstjóri, Grundargötu, Siglufirði, greiði kr. 30000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afplánist sektin með varðhaldi í 7 mánuði.

Öll veiðarfæri með dragstrengjum um borð í m/s Sigurði SI 90 skulu upptæk gerð til Landhelgissjóðs Íslands.

Stefndi greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember 1947.

Nr. 21/1947. **Réttvísinn** (Hrl. Theódór B. Línal).

gegn

Árna Sigurði Ágústssyni

(Hrl. Sigurður Ólason).

Áverkamál. Héraðsdómur ómerktur.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 22. nóvember 1945 kærði Guðlaugur Helgi Vigfússon ákærða fyrir ofbeldisverk gagnvart sér hinn 20. s. m. og 28. janúar 1946 bar Þorvaldur Árnason fram kærú á hendur ákærða vegna líkamsárásar.

Réttarrannsókn út af báðum þessum kærur sameiginlega hófst 5. febrúar 1946, og 26. s. m. var málssókn tilkynnt

ákærða fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940. Hinn 11. marz s. á. var stefna gefin út á hendur ákærða í samræmi við málshöfðunartilkynninguna. Er ákæran þannig miðuð við nefndan kafla hegningarlaganna í heild, en þess ekki getið sérstaklega, að neytt sé heimildar 217. greinar til opinberrar málssóknar, að því er þá grein varðar. Vegna þessarar ónákvæmni sést ekki, að handhafi ákæruvaldsins hafi haft í huga hinar sérstöku ákæruleglur 217. greinar eða gert sér grein fyrir, hvort saksókn skyldi fylgt fram samkvæmt þeirri grein hegningarlaganna. Þó eigi sé það berum orðum fram tekið í málshöfðunartilkynningu og stefnu, er ljóst, að ákæran tekur til hegðunar ákærða bæði fyrrgreind skipti. Hinn 19. marz 1946 kom Þorvaldur Árnason fyrir dóm og lýsti þeirri ósk sinni, að kæra hans félli niður og að ákærða yrði ekki refsað hennar vegna. Engin afstaða virðist þá hafa verið tekin til þessa, og eigi verður séð, að ákærunni hafi í neinu verið breytt, áður en málið var endanlega tekið til dóms. Í forsendum héraðsdóms kemst dómariinn að þeirri niðurstöðu, að umrætt atferli ákærða varði við 217. gr. hegningarlaganna. Um þetta brot ákærða verði hins vegar ekki dæmt í máli þessu, með því að kæran hafi verið afturkölluð. En samkvæmt því, sem áður er rakið um höfðun málsins, og þar sem ákæruvaldið er ekki háð vilja þess, sem misgert er við, að því er varðar saksókn samkvæmt 217. gr. hegningarlaganna, fær þessi úrlausn dómans ekki staðizt.

Af framangreindum ástæðum þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir

hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Lín-
dals og Sigurðar Ólasonar, kr. 450.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1946.

Ár 1946, miðvikudaginn 17. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1367/1946: Réttvisin gegn Árna Sigurði Ágústssyni, sem tekið var til dóms 26. f. m.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað á hendur ákærða, Árna Sigurði Ágústssyni verzlunarmanni, til heimilis í Garðastræti 2 hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga frá 12. febrúar 1940.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. júní 1904 að Ósi í Skilmannahreppi, hefur sætt, svo kunnugt sé, eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1931 $\frac{2}{3}$ Kærður fyrir að gefa út ávisun á enga innstæðu. Krafan var greidd og málið féll niður.
- 1934 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir brot gegn lögum nr. 6/1924. Málið rannsakað, en málssókn látin falla niður með hliðsjón af bréfi dómsmálaráðuneytisins.
- 1936 $\frac{1}{2}$ Greiddi kr. 30.00 samkvæmt reikningi frá Hótel Borg og kæru um hótelsvik, dags. $1\frac{1}{2}$ 1935. Látið falla niður að öðru leyti.
- 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Að kvöldi þess 20. nóvember síðastliðinn var ákærði ásamt Valgeiri Kristjánssyni klæðskera staddur í húsinu nr. 40 við Klapparstig í íbúð Guðbjargar Ásu Pálsdóttur, er býr á efri hæð húss þessa og ákærði er nokkuð kunnugur. Öll voru þau lítið eitt við skál, að því er ákærði og Guðbjörg Ása hafa borið við rannsókn málsins.

Ekki mun hávaði eða annað óvenjulegt ónæði hafa stafað af dvöl þeirra þarna. Um kl. 9 þetta kvöld bar þarna að Guðlaug Helga Vigfússon málara, til heimilis á Skúlagötu 58 hér í bæ. Samkvæmt eigin framburði hans og annarra, er sáú hann þetta kvöld, var hann mikið ölvaður. Guðlaugur Helgi er mjög kunnugur fólki því, er býr í húsinu nr. 40 við Klapparstig, bæði húseigandanum, Þórunni Jónsdóttur kaupkonu, og Guðbjörgu Ásu, og hefur hann tvisvar, að því er Þórunn telur, haft herbergi á leigu í húsi hennar. Guðlaugur Helgi hefur skýrt frá því við rannsókn þessa máls, að sér hafi verið lítið gefið um veru ákærða í íbúð Guðbjargar Ásu þetta kvöld sem endranær og hafi sér verið áhugamál, að hann hyrfi þaðan á brott. Óskaði Guðlaugur Helgi eftir að hafa einslega tal af Guðbjörgu Ásu í þeim tilgangi, að hún létu ákærða fara, en Guðbjörg

færðist undan að tala einslega við hann. Fór nú Guðlaugur því næst niður í íbúð Þórunnar Jónsdóttur og dvaldi þar um stund. Hefur Þórunn, sem kvödd hefur verið sem vitni í máli þessu, borið, að Guðlaugur hafi sofnað í stól í íbúð hennar og hafi hann sofíð þar nokkra stund. Er hann vaknaði, fór hann aftur upp í íbúð Guðbjargar Ásu, þótt Þórunn reyndi að telja hann af því, þar eð hún óttaðist, að til illinda kynni að draga milli hans og ákærða. Í þetta sinn var í fylgd með Guðlaugi Helga Vilhjálmisdóttir. Hefur Guðbjörg Ása, sem kvödd hefur verið fyrir rétt sem vitni við rannsókn málsins, borið, að þau Guðlaugur og Helga hafi komið upp í íbúð sína óboðin. Þegar hér var komið sögu, var Valgeir Kristjánsson farinn úr íbúð Guðbjargar Ásu, og fyrrnefnd Helga hvarf fljótlega á brott. Var því Guðbjörg Ása ein vitni að því, er á eftir fór milli ákærða og Guðlaugs Helga.

Óskaði nú Guðlaugur enn sem fyrr, að hafa einslega tal af Guðbjörgu Ásu, að því er hann ber, aðeins í því skyni að fá hana til að láta ákærða fara, en hún færðist enn undan því að tala við hann, þar til hún lét loks til leiðast og fór inn í innra herbergi íbúðar sinnar ásamt Guðlaugi. Telur ákærði, að Guðlaugur hafi ýtt Guðbjörgu inn í innra herbergið og síðan læst hurðinni með rennilöku að innanverðu, og hafi ákærði síðan heyrt, að til sviptinga væri komið milli Guðbjargar og Guðlaugs og loks, að Guðbjörg hafi kvatt ákærða sér til hjálpar. Hafi hann þá brugðið við, og er Guðbjörgu hafði tekizt að opna hurð innra herbergisins og ákærði farið þangað inn, telur hann, að Guðlaugur hafi búizt til að ráðast á sig, en hann (ákærði) hafi orðið fyrri til og greitt Guðlaugi eitt hnefahögg undir hökuna og hafi Guðlaugur fallið við það fram yfir sig og telur ákærði sennilegt, að hann hafi komið með hnakkann við dyrastafinn í fallinu. Síðan kveður ákærði Guðlaug fljótlega hafa staðið upp.

Guðbjörg Ása skýrir þannig frá tildrögum og átökum þeirra ákærða og Guðlaugs og gangi þeirra, að er hún hafi verið farin inn í innra herbergi íbúðar sinnar, hafi Guðlaugur leitazt við að loka hurðinni að herberginu, en það hafi hún ekki viljað, og hafi nú lent í stimpingum milli hennar og Guðlaugs út af þessu og hafi hún þá kvatt ákærða sér til hjálpar. Kveður hún ákærða fyrst hafa reynt að fá Guðlaug til að fara út með góðu, en er það hafi ekki tekizt, telur hún, að ákærði hafi greitt Guðlaugi eitt hnefahögg undir hökuna og hafi Guðlaugur við það fallið á gólfið, að því er hana minnir aftur yfir sig, og hafi hann rekizt í dyrastafinn í fallinu. Við lögreglurannsókn málsins bar Guðbjörg Ása það, að þeir ákærði og Guðlaugur hafi slegizt af krafti, en í réttarhaldi síðar breytti hún framburði sínum þannig, að hún telur, að viðureign þeirra ákærða og Guðlaugs hafi farið þannig fram, að ákærði hafi greitt Guðlaugi aðeins eitt högg undir hökuna.

Guðlaugur Helgi hefur við rannsókn málsins fyrir rétti tekið það fram, að hann minnst ógreinilega viðureignar hans og ákærða, enda var hann mjög ölvaður, eins og fyrr segir, og mun hafa verið haldinn sljóleika af þeim sökum. Hann telur sig þó ekki minnast þess og mótmælir því, að hann hafi beinlínis lagt hendur á Guðbjörgu Ásu í viðureign þeirra við dyrnar, enda hafi tilgangur sinn verið sá einn að fá hana til að láta ákærða fara út, eins og fyrr segir. Þá minnst Guðlaugur þess ekki, að hann hafi heyrt Guðbjörgu kalla á hjálp, og loks telur hann, að ákærði hafi slegið sig fleiri högg en eitt og skírskotar því til stuðnings til meiðsla þeirra, er hann hlaut í viðureigninni.

Loks skal tekið fram, að Guðlaugi og ákærða ber saman um, að til átaka hafi komið áður milli þeirra þarna í íbúð Guðbjargar Ásu.

Telur Guðlaugur, að ákærði hafi þá slegið til sín og brotið við það rúðu, en ákærði telur hins vegar, að Guðlaugur hafi ráðizt á sig. Til verulegra illinda dró þó ekki milli þeirra að því sinni.

Í margnefndum rýsingum þann 20. nóvember s. l. hlaut Guðlaugur Helgi eftirtalda áverka samkvæmt vottorði Axels Blöndals læknis, dagsettu 22. nóvember s. l. Blæðingu undir báðum augum, einkum hægra megin (glóðarauga). Húðrispur og sýnilega bólgu á nefi, sprungið fyrir á báðum vörum. Kvartar mjög um verk í hnakka, samfara höfuðverk, ekki finnanlegur áverki á hnakka. Samkvæmt ráði læknisins var tekin röntgenmynd af nefinu, sem leiddi í ljós brot á nefbeini (röntgendiagnosis: Fractura ossis nosi).

II.

Aðfaranótt þ. 28. janúar s. l. var ákærði enn staddur í íbúð Guðbjargar Ásu í húsinu nr. 40 við Klapparstíg ásamt Tómasi Guðmundssyni skáldi. Sátu þau Guðbjörg Ása, ákærði og Tómas að drykkju þarna. Um miðnætti nefnda nótt bar þar að Þorvald Árnason tannsmið, til heimilis á Laugavegi 18 hér í bæ, og var hann í fylgd með Valdísi Jónsdóttur, til heimilis á Laugavegi 135 hér í bæ. Hafði hún verið gestur Guðbjargar Ásu í íbúð hennar þetta kvöld, en brá sér frá stutta stund og kom síðan í fylgd með Þorvaldi, eins og fyrr getur. Brátt varð þeim Þorvaldi og ákærða sundurorða, og lauk orðasennu þeirra með því, að ákærði greiddi Þorvaldi tvö eða fleiri hnefahögg í andlitið (Þorvaldur telur, að ákærði hafi misþyrmt sér, er hann var fallinn á gólfið, en því hefur ákærði mótmælt), og hlauf Þorvaldur vegna árásar þessarar sár á hægri auga-brún, húðrispur viðs vegar í andliti og rifu í hornlag hægra auga.

Þorvaldur Árnason kærði árás þessa til lögreglunnar þann 28. janúar s. l., og var rannsókn máls þessa fyrir rétti felld inn í rannsókn viðureignar þeirra ákærða og Guðlaugs Helga Vigfússonar.

Í réttarhaldi við framhaldsrannsókn málsins þann 19. f. m. tók Þorvaldur aftur kærú sína á hendur ákærða og óskaði þess, að hon-

um yrði ekki refsað hennar vegna. Sú árás þykir varða við 217. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, og þykir eigi ástæða til annars en að taka afturköllun kærunnar til greina. Verður því ekki dæmt um það brot ákærða í þessu máli.

III.

Rétturinn litur svo á, að byggja verði dóm í máli þessu aðallega á framburði Guðbjargar Ásu, en hún var, eftir því sem bezt er vitað, eina vitnið að margnefndri viðureign ákærða og Guðlaugs Helga. Samkvæmt framburði þess virðist ekki vafi leika á því, að ákærði hafi átt upptökin að handalögmálinu. Eins og fyrr getur, er framburður vitnisins fyrir rétti á þá lund, að ákærði hafi aðeins greitt Guðlaugi eitt högg, og er það í samræmi við framburð ákærða sjálfs. Hins vegar hefur Guðlaugur fullyrt, að högg þau, er ákærði greiddi honum, hafi verið fleiri, en telur sig minnast viðureignarinnar ógreinilega, eins og fyrr getur. Án þess að afstaða sé tekin til þess, hvort högg þau, er ákærði greiddi Guðlaugi, hafi verið eitt eða fleiri, telur rétturinn nægilega sannað, að áverkar þeir, er Guðlaugur hlaut í viðureigninni, stafi af harðleikni þeirri, sem ákærði beitti hann. Brot ákærða varðar við 218. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Guðlaugur Helgi Vigfússon hefur krafizt þess við rannsókn málsins fyrir rétti, að ákærði greiddi sér kr. 5600.00 í skaðabætur vegna vinnutaps, læknishjálpar, fataspjalla og þjánainga og óþæginda vegna meiðslanna. Síðar lækkaði bótakrefjandi kröfu sína niður í kr. 4802.00 og lagði jafnframt fram vottorð til stuðnings hverjum kröfulið. Þessum kröfum hefur ákærði mótmælt á þeim grundvelli, að hann hafi ekki átt sök á þeirri viðureign, er meiðsli bótakrefjanda hlutust af.

Um fyrsta lið skaðabótakröfunnar, er nemur kr. 2377.00 vegna vinnutaps, er það að segja, að rétturinn telur, að ekki sé nægilega sannað, að bótakrefjandi hafi verið svo lengi óvinnufær, sem í þessum kröfulið er talið, og litur því svo á, að kröfulið þessum beri að vísa frá dómi. Þá krefst Guðlaugur Helgi þess, að ákærði greiði sér kr. 400.00 vegna fataspjalla, er stafað hafi af margnefndri viðureign, og hefur hann lagt fram vottorð klæðskera varðandi skemmdirnar til stuðnings þessum kröfulið. Enn fremur krefst Guðlaugur kr. 25.00 fyrir röntgenskoðun á nefi og styður þenna kröfulið með vottorði Röntgendeildar Landsspítalans, og loks krefst hann kr. 2000.00 í bætur vegna vanlíðunar og óþæginda vegna meiðslanna. Samkvæmt þeirri niðurstöðu, að ákærði hafi á refsiverðan hátt átt sök á meiðslum Guðlaugs Helga Vigfússonar, þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta samkvæmt 2., 3. og 4. lið kröfunnar, þannig að kröfuliðir 2 (fataspjöll) og 3 (röntgenskoðun) eru teknir til greina óbreyttir, svo sem bótakrefjandi heldur þeim fram, þar eð þeir teljast nægilega sannaðir, en 4. lið kröfunnar er þannig háttáð.

að erfitt er að ákveða, hvaða bótaupphæð sé sanngjörn. Með tilliti til þess, að bótakrefjandi nefbrotnaði, hlaut glóðaraugu á bæði augu og fleiri áverka, sem víst er, að hafi einnig valdið honum sársauka og óþægindum, þykir sanngjarnt, að ákærði greiði honum kr. 600.00 vegna þjáninga og óþæginda. Samkvæmt þessu er því ákærði dæmdur til að greiða Guðlaugi Helga Vigfússyni kr. 1025.00 í skaðabætur.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Árni Sigurður Ágústsson, sæti varðhaldi í 20 daga. Hann greiði Guðlaugi Helga Vigfússyni kr. 1025.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu þessa dóms.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 16. desember 1947.

**Nr. 75/1943. Kristinn Stefánsson f. h. eiganda og útgerðar-
manns e/s Bjarka á Siglufirði**

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Páli Þorbjörnssyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Stýrimanni dæmdar bætur vegna ráðningarhlita.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 9. sept. 1943 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. s. m., krefst þess, að hann verði sýkn dæmdur og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.